

Fimmtudaginn 5. febrúar 1976.

Nr. 181/1974. **Reynir Eyjólfsson f. h. umboðs**
Oliufélagsins Skeljungs h/f í Hafnarfirði
 (Árni G. Finnsson hrl.)
 gegn
Þórði Áreliussyni
 (Jón Ólafsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómarnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Skuldamál. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. október 1974. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 42.496 krónur með 8% ársvöxtum frá 1. febrúar 1970 til 1. júní 1973, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 14% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi keypti hjá áfrýjanda þá oliu vegna m/b Blika, sem áfrýjandi krefur hann um greiðslu á í máli þessu. Ósannað er, að stefndi hafi gert áfrýjanda ljóst, að hann tæki ekki oliuna út í eigin nafni, heldur á vegum Útsæs h/f, sem væri eigandi bátsins og gerði hann út. Er áfrýjanda því rétt að krefja stefnda um greiðslu fyrir oliuna. Enginn tölulegur ágreiningur er um kröfu áfrýjanda, og stefndi hefur lýst yfir, að hann andmæli ekki vaxtakröfu hans. Verða kröfur áfrýjanda því teknar til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 50.000 kr.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Þórður Áreliussun, greiði áfrýjanda, Reyni Eyjólfssyni f. h. umboðs Oliufélagsins Skeljungs h/f í

Hafnarfirði, 42.496 krónur með 8% ársvöxtum frá 1. febrúar 1970 til 1. júní 1973, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 14% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. september 1974.

Mál þetta, sem hefur verið dómtekið í dag, hefur Reynir Eyjólfsson, umboðsmaður Olíufélagsins Skeljungs í Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 18. maí 1973, á hendur Þórði Árelíussyni, Garðafllöt 33 í Garðahreppi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 42.496.30 auk 8% ársvaxta frá 1. febrúar 1970 til 1. júní 1973, 10% ársvaxta frá 1. júní 1973 til 1. júní 1974, en með 14% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar.

Málavextir.

Stefnukrafan er vegna úttektar á olíu og olíuvörum til m/b Blika, GK 323, í janúarmánuði 1970. Báturinn var þá eign Útvers h/f (sic) í Reykjavík, en stefndi var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri félagsins. Félagið var stofnað 25. mars 1969 og hóf rekstur útgerðar bátsins á þeim tíma, en stefndi var þá starfsmaður Skeljungs h/f á skrifstofu þess í Reykjavík. Komst sú venja á, að þegar skipið kom til Hafnarfjarðar, fékk það olíu hjá stefnanda, og segir stefnandi, að olían hafi stundum verið staðgreidd, en stundum greidd eftir smátíma og þá einkum að loknum róðri.

Stefndi kveðst hafa gert ráð fyrir, að viðskiptin færu þannig fram, að gert væri upp mánaðarlega, en man ekki, hvernig greiðslur fóru fram, og telur, að hann hafi aldrei skuldað meira en eina áfyllingu í einu.

Þegar viðskiptunum lauk, var ógreidd öll úttekt bátsins í janúar 1970.

Stefndi kveðst ekki hafa tekið fram, hver væri útgerðaraðili bátsins, en segir, að ekki hafi komið til greina af sinni hálfu að taka á sig persónulega ábyrgð.

Stefnandi kveðst ekki hafa vitað, hvernig útgerðinni var háttað, hvort stefndi rak hana einn eða með öðrum. Hann kveðst ekki mundu hafa lánað olíuna, ef hann hefði ekki treyst því, að stefndi bæri persónulega ábyrgð.

Hann kveður stefnda þó ekki hafa gefið sérstaka yfirlýsingu um persónulega ábyrgð sína.

Stefnandi kveðst hafa tekið upp lánsviðskipti við stefnda vegna þess, að hann starfaði hjá Olíufélaginu Skeljungi h/f. Hann kveður venju sína og umbjóðanda síns að stofna ekki til lánsviðskipta við nýtt hlutafélag án tryggingar.

Málsástæður.

Meginmálsástæða stefnanda er sú, að stefndi hafi tekið olíuna út í sínu nafni og ekki minnst á, að hann væri umboðsmaður. Hann hafi ekki minnst á Útsæ h/f og ekki hreyft mótmælum, byggðum á aðildarskort, þegar hann var krafinn, fyrr en í greinargerð sinni. Hann hafi og greitt olíu til bátsins og til upphitunar á eigin húsnæði með sömu greiðslu.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að hann hafi stofnað til skuldar við stefnanda f. h. hlutafélagsins, en ekki tekið á sig persónulega skuldbindingu.

Álit dómsins.

Það er óumdeilt í málinu, að Útsær h/f var eigandi og útgerðaraðili m/b Blika, þegar viðskipti aðiljanna fóru fram, og að stefndi var framkvæmdastjóri félagsins með heimild til að skuldbinda það.

Alkunna er, að þeir sem leggja fé í útgerð, takmarka ábyrgð sína á ýmsan hátt, þar á meðal með stofnun hlutafélaga. Stefnanda mátti því vera ljóst, að líklegt var, að útgerð bátsins væri rekin með takmarkaðri ábyrgð. Stefnandi telur sig ekki hafa vitað, hver var eigandi og útgerðaraðili bátsins, en honum mátti vera ljóst, að stefndi var einungis að skuldbinda eiganda bátsins, hver svo sem hann var, en ljóst er, að stefndi hefur ekki gefið sérstaka persónulega ábyrgðaryfirlýsingu. Af þessum sökum ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt 1. mgr. 77. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Þórður Árelíusson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Reynis Eyjólfssonar. Stefnandi, Reynir Eyjólfsson, greiði stefnda, Þórði Árelíussyni, kr. 20.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.